

## 5. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilað að ganga inn í viðbótasamning þann við myntsamning Norðurlanda frá 27. maí 1873 með viðaukasamningi frá 16. okt. 1875, sem Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa gert með sjer 22. mars 1924, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

### 2. gr.

Skiftimynt, sem ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafa látið slá samkvæmt myntsamningi dags. 27. maí 1873, viðaukasamningi dags. 16. okt. 1875 ásamt viðaukagreinum, hættir að vera löglegur gjaldeyrir á Íslandi 6 mánuðum eftir að auglýst verður fullgilding á inngöngu Íslands í viðbótarsamning þann, er ræðir um í 1. gr.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ástæður fyrir frumvarpinu.

Hinn 22. mars 1924 gerðu ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar með sjer viðbótarsamning þann við myntsamning Norðurlanda frá 27. maí 1873 með viðaukasamningi 16. okt. 1875, sem prentaður er sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu, og ætlast er til samkv. 1. gr. að einnig verði prentaður með lögnum, ef frv. þetta verður að lögum. Við undirbúning þessa viðbótarsamnings var Íslandi áskilinn rjettur til þess að ganga inn í samninginn síðar, ef það óskaði þess. Hann heimilar þá undanþágu frá myntsamningunum

1873 og 1875, að hvert ríkjanna geti látið slá skiftimynt, sem aðeins skuli gjaldgeng innanlands, og nái ákvæði myntsamninganna eigi til slíkrar skiftimyntar.

Í 4. gr. samningsins er svo ákveðið, að skiftimynt annara samningsríkja, sem slegin hefir verið samkvæmt fyrri myntsamningum, skuli hætta að vera gjaldgeng í hverju ríki fyrir sig, þegar liðnir eru 6 mánuðir frá því viðbótarsamningurinn gengur í gildi þar.

Loks er ákveðið í 6. gr. samningsins að fullgilda skuli hjer um ræddan viðbótarsamning.

Með því að gera má ráð fyrir að bráðlega verði lokið að slá innlenda skiftimynt samkvæmt lögum nr. 19, 1925 og með því að þá er ekki heldur ástæða til að nota lengur skiftimyntir annara ríkja hjer á landi, þykir rjett að fara fram á heimild til þess að ganga inn í umræddan viðbótarsamning.

### Fylgiskjal.

## **Viðbótarsamningur**

við myntsamninginn frá 27. maí 1873 og viðaukasamning frá 16. okt. 1875.

### 1.

Heimilt skal fjármálastjórn hvers ríkis, án þess að myntsamningurinn og síðari viðaukagreinir við hann skuli vera því til fyrirstöðu, að láta slá á sinn kostnað skiftimynt, er löglegur gjaldeyrir sje að eins í því ríki, er slá lætur myntina.

Það ríki er kosta lætur sláttu skiftimyntarinnar, setur og fyrirmæli um áletraða fjárhæð hennar, hversu málmum er háttað, um þunga hennar, lögun og mótun; þó skal myntin að gerðinni til vera greinilega frábrugðin þeim skiftimyntum, sem hingað til hafa verið slegnar samkvæmt samningnum.

Sú mynt, sem slegin er í samræmi við samninginn, skal einnig talin löglegur gjaldeyrir aðeins í skiftum innanlands í hverju einstöku ríki, með því móti, að gat sje slegið í eða gerð myntarinnar með öðrum jafngreinilegum hætti auðkend svo, að frábrugðin sje upphaflegri gerð.

### 2.

Ákvæðum samningsins og viðaukagreinum hans verður ekki beitt á þá skiftimynt, sem eingöngu er löglegur gjaldeyrir innanlands í hverju ríki um sig samkvæmt 1. gr. þessa viðbótarsamnings; þó skal hver mynt bera það með sjer, handa hverju ríki, af hverri myntsmiðju og á hvaða ári slegin sje.

### 3.

Fjármálastjórn hvers ríkis tjáir fjármálastjórn hinna ríkjanna öll þau lög, tilskipanir og fyrirmæli, sem sett kunna að verða um sláttu skiftimynta

þeirra, er einungis skuli vera löglegur gjaldeyrir innanlands. Jafnframt skal sent uppkast að og sýnishorn af öllum slíkum skiftimyntum.

4.

Skiftimynt, sem slegin hefir verið í einhverju ríkjanna samkvæmt samningnum og viðaukagreinum hans, skal hætta að vera löglegur gjaldeyrir í hinum ríkjunum, þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er viðbótarsamningur þessi öðlaðist gildi.

5.

Þessi viðbótarsamningur heldur gildi, til þess er eitt ár er liðið frá þeim degi, er eitthvert ríkjanna hefir sagt upp.

Að liðnum uppsagnarfresti skal þó skiftimynt, sem samkvæmt samningnum og viðaukagreinum hans er slegin í einhverju ríkjanna, ekki ná að verða löglegur gjaldeyrir aftur í hinum ríkjunum, og ekki skal heldur skiftimynt, sem samkvæmt 1. gr. þessa viðbótarsamnings er aðeins löglegur gjaldeyrir innanlands í hverju ríki um sig, missa við þetta lögeyrsgildi sitt.

6.

Viðauki þessi skal staðfestur, jafnskjótt sem löggjafarþing þeirra ríkja, er hlut eiga að máli, hafa galdið samþykki við og staðfestingunum síðan komið fyrir til geymslu í Kristjaniu jafnskjótt sem við verður komið.

Viðaukinn öðlast gildi daginn eftir að honum hefir verið komið fyrir til geymslu staðfestum.